

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 15. febrúar 2021.

Mætt voru á fjarfund í gegnum TEAMS:

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ), umsýsluaðili Sprotasjóðs

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Björk setti fundinn kl. 13:00 og Dana var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

Vinnulag við yfirferð umsókna

Vegna COVID-19 ákvað stjórnin að halda rafræna fundi í þessari úthlutun þar sem að stjórn hittist í um 3 klst. í senn. Að öðru leiti var stjórn sammála um að notast við sama vinnulag við yfirferð umsókna í ár og notast var við í síðustu úthlutun.

Fyrsta lota í yfirferð umsókna

Umsóknir til Sprotasjóðs voru 105 talsins að þessu sinni. Umsóknirnar skiptust þannig milli skólastiga að 66 umsóknir komu frá grunnskólastiginu, 10 umsóknir frá leikskólastiginu og 16 umsóknir frá framhaldskólastiginu. 13 umsóknir voru þvert á skólastig. Þetta eru töluvert fleiri umsóknir en bárust til sjóðsins í fyrra.

Skipulag vegna yfirferðar og næstu fundir

Farið var yfir skipulag við yfirferð umsókna og næstu fundi stjórnar. Þar sem að fundirnir eru með rafrænum hætti í ár var ákveðið að hafa þá styttri og fleiri en venjulega. Næsti fundur stjórnar verður miðvikudaginn 17. febrúar kl. 13:00 – 16:00 þar sem að haldið verður áfram að fara yfir umsóknir.

Fundi slitið kl. 15:58